

---

**2001 nr. 75 31. maí****Lög um sölu ríkissjóðs á hlutafé í  
Landssíma Íslands hf.**

Tóku gildi 15. júní 2001. Breytt með l. 129/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004).

**■ 1. gr. Heimild til sölu.**

- Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

**■ 2. gr. Skuldbindingar.**

- Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á svíði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

**■ 3. gr. Gildistaka.**

- Lög þessi taka þegar gildi.

- ...

**■ Ákvæði til bráðabirgða.**

- Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamíðstöð án undangenginnar innköllunar.

- Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

- ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2003, 1. gr.